

Eyðublað A

Eyðublað A er ætlað bændum á lögbýlum og skulu þeir fylla það út og senda til viðkomandi **búfjárefirlitsmanns** fyrir **20. nóvember n.k.** Fylla þarf út bæði tölu búfjár og fódurforða í reitina á eyðublaðinu, allar summutölur í heilum tölum nema kornuppskeru (tonn, ha) í reitum 73 og 74, með einum aukastaf. **Skil á haustskýrslu er valkvætt en skilum með rafrænum hætti skal vera lokið fyrir 10. desember.**

Búfé utan lögbýla, þ.e. það búfé sem ekki er hluti áhafnar lögbýlis, skal skrá á annað eyðublað, auðkennt með B. Sauðfjáreigendur utan lögbýla skulu senda það útfyllt til búfjárefirlitsmanns fyrir **20. nóvember n.k.** Að öðru leyti annast búfjárefirlitsmenn skráningu á Eyðublað B, þar með hross þéttbýlisbúa sem eru í hagagöngu eða á fóðri á lögbýlum allan veturinn.

Búfjáfjöldi

Skrá skal í viðkomandi línu fjölda búfjár af hverri búfjártegund, eftir aldri og kyni, eins og hann er í nóvember 2010. Hross 4ra vetra og eldri eru færð í reiti 12-14. Gert er ráð fyrir sláturlömbum í eldi og skal færa þau í reit 34 og tiltaka fjölda fódurvikna til slátrunar.

Fóðurþörf

Margfalda skal búfjáfjölda í reitum 01-16 (nautgripir, sauðfé, geitfé, hross) með viðeigandi lámarksfóðurþörf í FEM og skrá í reitina undir *Fóðurþörf alls (3. dálkur)*.

Fóðurbirgðir - Vothey


Allt plastað hey er flokkað sem vothey).

Rúllur

Rúllur þarf að flokka saman eftir þrem meginþáttum, þ.e. stærð, þéttleika og gæðum fódursins og þau gildi sem við eiga þarf að skrá á blaðið. Enn fremur þarf að skrá fjölda rúlla af hverri gerð.

Stærð

Við flokkun eftir stærð skal miða við þvermálin (breiddina) 120 cm, 140 cm og 160 cm og lengdirnar 120 cm og 130 cm. Síðan er rúmmálið fundið þannig:



Þvermál	Lengd	
	120 cm	130 cm
120 cm	1,4 m ³	1,5 m ³
140 cm	1,9 m ³	2,0 m ³
160 cm	2,4 m ³	2,6 m ³

Dæmi: 100 rúllur með þvermálið 120 cm og lengdina 130 cm hafa rúmmálið $100 \times 1,5\text{m}^3 = 150\text{m}^3$ sem færast í reitinn *Samtals rúmmál, m³* í heilum tölum.

Rúmpýngd

Þéttleiki heysins í rúllunum (rúmpýngdin) ræðst m.a. af ökuhraða við rúllun, gerð rúlluvélar, grófleika heys og ekki síst þurrkstigi þess. Mat á rúmpýngd heysins má byggja á lýsingu í 1. töflu á bls. 3.

Gæði fóðurs


Orkugildi fóðursins, þ.e. hve margar fóðureiningar (FE_m) eru í hverju kg þurrefnis, ræðst mest af þroskastigi grasanna við slátt og grastegundum. Mælt er með að heyforðinn sé í meginatriðum grófflokkaður í gæðaflokkana A, B, C og D. Gildi til hliðsjónar eru í 2. töflu á bls. 4. Ef línurnar þrjár fyrir rúllur duga ekki til flokkunar á heyforðanum geta bændur notað auðu línurnar fyrir neðan og skráð þar stærð, rúmpýngd og gæði.

Ferbaggar

Ferbagga þarf að flokka saman eftir þrem meginþáttum, þ.e. stærð, þéttleika og gæðum fóðursins og þau gildi sem við eiga þarf að skrá á blaðið. Enn fremur þarf að skrá fjölda ferbagga af hverri gerð.

Stærð

Við flokkun eftir stærð skal miða við breiddirnar 80 cm og 100 cm, hæðina 80 cm og lengdirnar 120 cm, 140 cm og 160 cm. Síðan er rúmmálið fundið þannig:



Breidd og hæð	Lengd		
	120 cm	140 cm	160 cm
80 x 80 cm	0,8 m ³	0,9 m ³	1,02 m ³
100 x 80 cm	1,0 m ³	1,1 m ³	1,3 m ³

Dæmi: 100 ferbaggar með breiddina 80 cm, hæðina 80 cm og lengdina 120 cm hafa rúmmálið $100 \times 0,8 \text{ m}^3 = 80 \text{ m}^3$ sem færast í reitinn *Samtals rúmmál m³* í heilum tölum.

Rúmpýngd

Þéttleiki heysins í ferböggunum (rúmpýngdin) ræðst m.a. af ökuhraða við bindingu, gerð bindivélar, grófleika heys og ekki síst þurrkstigi þess. Mat á rúmpýngd heysins má byggja á lýsingu í 1. töflu á bls. 3.

Gæði fóðurs

Orkugildi fóðursins, þ.e. hve margar fóðureiningar (FE_m) eru í hverju kg þurrefnis, ræðst mest af þroskastigi grasanna við slátt og grastegundum. Mælt er með að heyforðinn sé í meginatriðum grófflokkaður í gæðaflokkana A, B, C og D. Gildi til hliðsjónar eru í 2. töflu á bls. 4. Ef línurnar þrjár fyrir ferbagga duga ekki til flokkunar á heyforðanum geta bændur notað auðu línurnar fyrir neðan og skráð þar stærð, rúmpýngd og gæði.

Laust vothey í turngryfju eða flatgryfju

Hér á aðeins að skrá heildarrúmmál stæðunnar/stabbans ásamt rúmpýngd og fóðurgæðum.

Fóðurbirgðir - Þurrhey

Laust þurrhey og þurrhey bundið í smábagg. Þarna er skráð heildarrúmmál stabbans/stæðunnar/hlöðunnar (lengd x breidd x hæð) ásamt rúmpyngd og fóðurgæðum.

Fóðurbirgðir - Aðkeyptar rúllur og ferbaggar

Aðkeyptar rúllur og ferbaggar - sjá að ofan.

Fóðurbirgðir - Fyrningar

Magn fyrninga er skráð eins og að ofan greinir eftir því sem við á (rúllur, ferbaggar, laust).

Tafla 1. Rúmpyngd heys, kg þurrefnis í m³.

<i>Þurrhey laust:</i>	<i>Kg þe/m³</i>
Þurrhey, gróft, laust, kaldverkað	90
Þurrhey, fínt, laust, kaldverkað	100
Þurrhey, fíngert, laust, hefur hitnað í því	120
<i>Þurrhey bundið:</i>	<i>Kg þe/m³</i>
Þurrhey, meðalfast bundið	115
Þurrhey, fast bundið	130
Þurrhey, bundið í rúllur	200
<i>Vothey laust:</i>	<i>Kg þe/m³</i>
Vothey, gróft, í turni eða flatgryfju.	150
Vothey, fínt, í turni eða flatgryfju.	160
Heymeti	240
<i>Vothey bundið í rúllur og pakkað í plast:</i>	<i>Kg þe/m³</i>
Grænfóðurrúllur (þe 15-25%)	100
Votheysrúllur, blautt gras (þe 20-25%)	100
Votheysrúllur, slegið í dumbungsveðri, rúllað strax (þe 25-30%)	125
Votheysrúllur, slegið í þurki, rúllað strax (þe 30-40%)	140
Votheysrúllur, forþurkað í a.m.k. 1 dag (þe 40-50%)	170
Votheysrúllur, hálfþurtt hey, rúlluvél af eldri gerð (þe 50-70%)	180
Votheysrúllur, hálfþurtt hey, rúlluvél af nýrri gerð (þe 50-70%)	200
<i>Vothey bundið í ferbagga og pakkað í plast:</i>	<i>Kg þe/m³</i>
Ferbaggar, forþurkað hey í a.m.k. 1 dag (30-40%).	180
Ferbaggar, hálfþurtt hey (60-70% þurrefni)	240

Tafla 2. Gæðamat á heyfóðri, fóðurgildi FE_m í kg þe.

<i>Heygæði</i>	<i>FE_m/kg þe</i>
A. Úrvalshey, vel verkað, snemmslegið af nýlegum túnum.	0,85
B. Hey í góðu meðallagi, vel verkað, slegið eftir skrið vallarfoxgrass.	0,80
C. Hey í slöku meðallagi, vel verkað, seint slegið, af gömlu túni.	0,75
D. Lélegt hey, hrakið, seint slegið, úr sér sprottið.	0,70

Hafi verið tekin heysýni (hirðingarsýni) úr einhverjum hluta heyjanna er eðlilegt að hagnýta þær niðurstöður hér. Sé ekki svo er mælt með að stuðst sé við skilgreiningu gæðaflokkanna í 2. töflu og notuð meðalgildi fyrir hvern flokk.

Kornhálmur

Kornhálmur er skráður á sama hátt og fóður í rúllu- og ferböggum en hann reiknast ekki inn í fóðurbirgðir búsis. Viðmiðunargildi um rúmpyngd í kornhálmum er svipað og í grófu þurrhey.

Uppskeyra af korni

Uppskeyru af korni skal skrá í tonnum og fjölda ha sem korn var ræktað á skal færa í reiti 73 og 74 eftir því hvort það er þurrverkað eða votverkað.

Athugasemdir

Ef bóndinn/búfjáreigandinn þarf að koma einhverjum viðbótarathugasemdum á framfæri eru þær skráðar í textasvæði neðan til á blaðinu.

Skil á haustskýrslum

Sé haustskýrslu ekki skilað til viðkomandi búfjáreftirlitsmanns fyrir 20. nóvember n.k. ber búfjáreftirlitsmanni að heimsækja bóndann, telja búfé hans, mæla fóðurforða og skrá á Eyðublað A fyrir 15. desember. Skal bóndinn bera kostnað af þeirri eftirlitsferð skv. gildandi gjaldskrá viðkomandi búfjáreftirlitssvæðis.